

Sveitarfélagið Ölfus  
b.t. Gunnlaugs Jónassonar  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 26. júlí 2022  
UST202207-021/A.Þ.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag - fiskeldisstöð - Básar við Þorlákshöfn**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ölfuss er barst 4. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir fiskeldisstöð að Básum, sunnan Suðurstrandarvegur í Þorlákshöfn.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að innan svæðis rísi landeldisstöð þar sem framleidd verða 20.000 tonn af laxi á ári með möguleika á að auka framleiðsluna í 24.000 tonn á ári. Skipulagssvæðið er u.þ.b. 70 ha að flatarmáli og er um 3,7 km vestan núverandi byggðar í Þorlákshöfn. Samkvæmt aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði en í auglýstri tillögu að endurskoðun aðalskipulagsins er svæðið skilgreint sem hluti af samfelldu iðnaðarsvæði, I3.

Samkvæmt greinargerð felast helstu áhrifaþættir tillögunnar á umhverfið í mannvirkjagerð, fráveitu og auðlindanýtingu, svo sem vatnsöflun. Metin verða áhrif á grunnvatn, vatnsgæði og lífríki viðtaka, landslag og ásynd, atvinnulíf, gróðurfar og fuglalíf, hljóðvist, fornleifar, jarðmyndanir, loftslag og landnotkun.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að stofnunin veitti umsögn um matsáætlun fyrir fyrirhugaða starfsemi á ofangreindu svæði þann 10. desember sl.<sup>1</sup>

### **Fráveita og vatn**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gerð verði ítarleg grein fyrir því hvernig fráveitunni verði háttað og sýnt á skipulagsupphætti hvar hún verður staðsett. Stofnunin bendir á að starfsemin mun losa annað hvort í vatnshlotið *Stokkseyri að Þorlákshöfn* (103-1341-C) eða *Þorlákshöfn að Höfnum* (104-1383-C) en það er háð staðsetningu fráveitunnar.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum og ástand þeirra má ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið.

<sup>1</sup> [\\*Umsögn um matsáætlun - Geo Salmo ehf. undirritað.pdf \(ust.is\)](#)

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ skal öllu skólpi sem veitt er til sjávar veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Lagning neðansjárleiðslu þarf samþykki Umhverfisstofnunar, sbr. lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Ef ómögulegt reynist vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ofangreint ákvæði er rekstraraðila heimilt að leggja til aðrar lausnir sem viðkomandi heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi. Áður en heilbrigðisnefnd tekur ákvörðun skal hún leita umsagnar Umhverfisstofnunar.

### Úrgangur

Í greinargerð kemur fram að lögð er áhersla á að rekstur eldisstöðvarinnar verði í samræmi við hugmyndir um hringrásarhagkerfið og eru áætlanir um endurnýtingu eldisvökva til að viðhalda verðmætum auðlinda. Jafnframt eru áform um nýtingu næringarefna sem falla til með frárennsli. Umhverfisstofnun telur það afar jákvætt og styðja við stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum<sup>2</sup> en stefnt er að því að hætta alfarið urðun lífræns úrgangs. Stofnunin bendir á að endurnýting úrgangs, t.d. til ræktunar grænmetis, gasgerðar eða áburðar, getur verið tilkynningar- eða leyfisskyld.

### Hraun

Fram kemur í greinargerð að eldhraun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 þeki allt skipulagssvæðið. Að auki kemur fram að í umhverfismati deiliskipulagstillögunnar verði metin áhrif hennar á jarðmyndanir, m.a. hvort valkostir komi til með að raska eða draga úr verndargildi og hvert umfang rasksins verður.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. náttúruverndarlaganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. sama ákvæðis. Skv. 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Ef framkvæmdaleyfi gerir ráð fyrir raski á hrauni þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr.

<sup>2</sup> [Stefna um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 090621.pdf \(stjornarradid.is\)](#)

60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Að mati Umhverfisstofnunar hefur tillagan umtalsverð óafturkræf áhrif á hraun sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Því er mikilvægt að svæðið verði kortlagt og gerð valkostagreining þar sem verndargildi hraunasvæða eru metin og tekið tillit til jarðmyndana, s.s. hrauntraða og hraunfláka.

### **Aðgengi meðfram sjó**

Í greinargerð kemur fram að um svæðið liggi göngu- og reiðleiðir. Umhverfisstofnun bendir á 5.3.2.14. gr. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 en þar segir að utan þéttbýlis skuli ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Það er til að tryggja að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er. Stofnunin vill því benda á mikilvægi þess að aðgengi meðfram sjónum verði tryggt.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
*teymisstjóri*